

## **Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 6. mars klukkan 16:30, Síðumúli 15.**

**Mætt voru:** Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri, sat fundinn.

Fundargerð ritaði Daníel Örn.

### **Dagskrá**

#### **Erindi milli funda:**

Stjórn félagsins samþykkti, að fenginni umsögn sýningastjórnar, deildarsýningu Cavalierdeildar þann 6. maí næstkomandi. Dómari verður Joel Lantz frá Svíþjóð.

#### **Erindi frá skrifstofu**

Sýningardómaranefnd sendi erindi á verkefnastjóra með ábendingum um viðbætur við dómaraáttindi íslenskra sýningardómara og aðrar upplýsingar. Nefndin óskar eftir því að fá aðgang að FCI síðunni svo fulltrúar nefndarinnar geti sjálf séð um uppfærslur.

Stjórn tekur ábendingum nefndarinnar en ekki verður veittur aðgangur að FCI síðunni. Formaður og framkvæmdastjóri eru með aðgang sem er á ábyrgð formanns.

Óskað er eftir afléttingu ræktunarbanns á hundum í kjölfar síðustu augnskoðunar. Stjórn samþykkir umræddar afléttingar að fengnu álitu augnlækna.

Félagsmaður óskar eftir aðstoð starfsfólks skrifstofu er varðar hund sem fékk athugasemdina Not For Breeding í síðustu augnskoðun. Tíkin fer ekki í ræktunarbann, sbr. reglur um skráningu í ættbók sem gildir fyrir hundakynið. Engu að síður er eigandi tíkarinnar beðinn um að taka athugasemdum dýralæknanna alvarlega þar sem tíkin er þegar farin að sjá illa og mun ástand hennar ekki verða betra.

Silja fylgir eftir þessum erindum.

Júlía Guðmundsdóttir hefur hafið störf á skrifstofu félagsins.

#### **Breytingatillögur ræktunar- og staðlanefndar**

Svar barst frá stjórn smáhundadeildar vegna breytingatillagna ræktunar- og staðlanefndar. Stjórn smáhundadeildar er sammála tillögum ræktunar- og staðlanefndar í öllum liðum en eins og segir í svari þeirra. „*en setur spurningamerki við hryggmyndun, þær breytingar þurfa að vera að okkar mati mun betur skilgreindari, tímasetningar, aldur, hvar skal mynda, hver skal mynd (geta allir myndað?) hver les úr osfv*“.

Stjórn smáhundadeildar óskaði eftir álitu tengiliða tegundanna sem svöruðu allir. Þá benti stjórn deildarinnar á að breytingatillaga ræktunar- og staðlanefndar hefði mátt vera betur rökstudd og tekur stjórn HRFÍ undir það sjónarmið og mun óska eftir frekari upplýsingum.

#### **Erindi frá félagsmönnum**

Á síðasta aðalfundi HRFÍ var nýkjörinni stjórn félagsins falið að taka afstöðu til erindis félagsmanna þar sem óskað var eftir að stjórn samþykki kröfu um að DNA niðurstöður úr foreldrum í umsóttu goti fylgi. Segir í fundargerð aðalfundar HRFÍ:

„*Stjórn HRFÍ er falið að uppfæra reglur um skráningu í ættbók á þann veg að við ættbókarskráningu skuli fylgja staðfesting á erfðagrunni DNA beggja foreldra. Sýni skulu tekin af dýralækni sem áframsendir þau á rannsóknarstofu sem félagið viðurkennir.*“

Svör bárust rétt fyrir síðasta stjórnarfund frá starfsmanni MATÍS sem gefur tilefni til frekari umræðu innan stjórnar.

Stjórn hyggst útfæra erindið til að kosningar fyrir félagsmenn á aðalfundi félagsins.

### **NKK 125 ára**

Norska Hundaræktarfélagið er 125 á árinu og býður til móttöku 22. apríl næstkomandi. Formanni og tveimur til viðbótar er boðið til kvöldverðar á Radisson Blu Plaza Hotel, Osló. Gjafir eru afþakkaðar en bent er á framlög til heilbrigðisrannsókna á vegum félagsins. DKK fékk gjöf frá HRFÍ að andvirði 35.000 kr í tilefni af 125 ára afmæli félagsins. Formaður leggur til að NKK fái sömu upphæð að gjöf á söfnunarreikning.

### **Erindi frá Schnauzerdeild**

Óskað er eftir því að bæta við lið c í sýningareglum félagsins, er varðar meistaraefni/meistarastig, sem myndi hljóða eftirfarandi:

*c) ef hann er yngri en 24 mánaða +1 dagur) og hefur þegar hlotið tvö meistarastig.*

Stjórn óskar eftir álitum sýningastjórnar.

### **Fóðursamningar**

Laganefnd hefur skilað fóðursamningum til baka með ábendingum. Stjórn er samþykkt breytingum, sem eru orðalags eðlis, og verður samningurinn birtur á heimasíðu félagsins. Ræktendur eru hvattir til að nota hann sem og kaupsamning félagsins sem ber samkvæmt grundarvallar fyrir félagsmenn að nota við sölu/afsal hunds.

### **Melabraut 17**

Silja Ösp, verkefnastjóri, hefur leitað tilboða í ljósleiðara og verður besta tilboði tekið. Silja upplýsti stjórn um stöðuna.

Óskað hefur verið eftir því við skrifstofu að fá salinn leigðan til lengri eða skemmri tíma, vikulega. Félagsmenn og deildir félagsins geta leigt salinn, en tryggja verður að notkun á salnum stríði ekki gegn lögum og reglum félagsins, vinni gegn hagsmunum þess og veiti því samkeppni, sbr. Hundaskóla HRFÍ. Gjaldskrá er í vinnslu.

Áætlaðir flutningar eru 25. og 26. mars og verða einhverjar lokanir á skrifstofu í tengslum við flutninga.

### **NKU communication committee**

Varaformaður félagsins, Guðbjörg Guðmundsdóttir, segir frá fundi sem hún sat 2. mars á TEAMS.

Fundinn sátu 3 fulltrúar NKK, einn fulltrúi SKK, einn fulltrúi FKK (allir úr communication deilda félagana) og svo undirrituð. DKK fulltrúinn afboðaði sig með frekar skömmum fyrirvara. Dýravelferðarlög, notkun ræktenda á BSI módeli NKU landanna, BOAS ráðstefnan í Osló og samtal um sameinað átak í markmiðasetningu í markaðsstefnu fengu mestu umfjöllun fundarins.

### **Aðalfundur HRFÍ**

Úr lögum Hundaræktarfélags Íslands:

*7. Félagsfundir HRFÍ hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og á heimasíðu félagsins með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins.*

Lagt er til að aðalfundur félagsins verði haldinn 3. maí. Kjörstjórn, Jónas Fr. Jónsson, Svanhildur Skúladóttir og Þorbjörg Ásta Leifsdóttir eru upplýst um tillögu að dagsetningu og eru laus þennan dag.

## **Önnur mál**

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 27. mars næstkomandi að Melabraut 17.